



KPMG ehf.
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Fiskeldið Haukamýri ehf.
Haukamýrargili
640 Húsavík

Óháð staðfesting til Fiskeldisins Haukamýri vegna græns bókhalds 2020

Við höfum kannað skýrslu Fiskeldisins Haukamýri ehf. um grænt bókhald fyrir árið 2020. Staðfesting okkar felst í skoðun á því hvort tölur sem gefnar eru upp í skýrslu Fiskeldisins Haukamýri um grænt bókhald séu í samræmi við upplýsingakerfi fyrirtækisins/viðeigandi gögn og að upplýsingar um mengunarmælingar sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga séu réttar.

Ábyrgð stjórnenda

Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórnendum sveitafélagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í íslenskri löggjöf.

Ábyrgð okkar

Ábyrgð okkar felst í að afla nægilegrar vissu um og gefa óháð álit á því hvort upplýsingar séu réttar og í samræmi við starfsleyfi og lög og reglur um grænt bókhald. Skoðun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3000 um staðfestingar. Samkvæmt honum ber okkur að fara eftir settum siðareglum, þar með talið óhæðiskröfum, og skipuleggja og haga vinnu okkar þannig að nægjanleg víska fái um hvort ákveðnar upplýsingar í skýrslunni sé í öllum meginatriðum án annmarka.

Í því sambandi var eftirfarandi kannað með úrtökum hvort:

- tölur sem gefnar eru upp séu réttar og í samræmi við upplýsingakerfi félagsins/viðeigandi gögn,
- upplýsingarnar sem birtar eru í skýrslunni um mengunarmælingar eru í samræmi við niðurstöður Sýnis ehf.
- tölulegar upplýsingar í skýrslunni um mælingar séu í samræmi við frumgögn,
- skilyrðum í lögum og reglum um innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegrar og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að skýrsla Fiskeldisins Haukamýri ehf. um grænt bókhald á árinu 2020 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Reykjavík, 29. apríl 2021.

KPMG ehf.

Helga Harðardóttir

hluthafi